

# ÁTTA TILLÖGUR

# UM

# BÚNAÐ Á TJALDSVÆÐUM



# ÁTTA TILLÖGUR

# UM

# BÚNAÐ Á TJALDSVÆÐUM

# HUGMYNDASAMKEPPNI UM BÚNAÐ Á TJALDSVÆÐUM

Við afgreiðslu Ferðamálaráðs á styrkbeiðnum til uppbyggingar ferðamannastaða hefur æ betur komið í ljós nauðsyn þess að til séu handhægar teikningar og uppdrættir af ýmis konar búnaði á tjaldsvæði. Fátt hefur verið um nýjar hugmyndir í uppbyggingu tjaldsvæða og ósamræmis oft gætt í útliti og búnaði, bæði innan svæða og milli svæða.

Í kjölfar þessa ákvað Ferðamálaráð að efna til samkeppni um búnað á tjaldsvæði, í samráði við Arkitektafélag Íslands, með það fyrir augum að koma upp hugmyndabanka sem sækja má í hugmyndir og tillögur að slíkum búnaði.

Strax í upphafi var ákveðið að leggja áherslu á hagkvæmni og að mismunandi búnaður myndaði sem mest útlitslega heild. Einnig var haft í huga að við uppbyggingu tjaldsvæða getur þurft að byrja smátt með búnað í lágmarki, en byggja síðan upp stig af stigi. Getur þá verið heppilegt að byggja í einingum sem geta staðið einar sér og einnig fleiri saman. Á afskekktum stöðum getur verið mikilvægt að búnaður sé auðveldur í flutningi og uppsetningu.

Samkeppnin fór fram sumarið 1984 og bárust alls 19 tillögur. Hér eru sýndar þær 2 tillögur sem hlutu verðlaun, 5 tillögur sem hlutu innkaup og 1 tillaga sem felst í torfhleðslum. Er þess vænst að með hugmyndasamkeppni þessari hafi Ferðamálaráð auðveldað og hvatt til uppbyggingar og endurbóta á tjald- og útivistarsvæðum á landinu.

janúar 1985

Ferðamálaráð Íslands

## HÖFUNDAR TILLAGNA

TILLAGA MERKT 17841 / 1. VERÐLAUN: Höfundar eru Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson, arkitektar FAÍ, Björn Jóhannesson, landslagsarkitekt, MNLA, og Einar E. Sæmundsen, langslagsarkitekt, FÍLA Verkfræðileg ráðgjöf: Gunnar St. Ólafsson, verkfr.

TILLAGA MERKT 90000 / 2. VERÐLAUN: Höfundur er Reynir Adamsson, arkitekt FAÍ.

TILLAGA MERKT 27722 / INNKAUP: Höfundar eru Finnur Björgvinsson og Hilmar Þór Björnsson, arkitektar FAÍ.

TILLAGA MERKT 28882 / INNKAUP: Höfundar eru Elísabet V. Ingvarsdóttir, innanhússarkitekt, og Haraldur Ingvarsson, arkitekt.

TILLAGA MERKT 33500 / INNKAUP: Höfundur er Guðmundur Jónsson, arkitekt, MNLA - FAÍ.

TILLAGA MERKT 12003 / INNKAUP: Höfundar eru Árni Friðriksson og Páll Gunnlaugsson, arkitektar FAÍ.

TILLAGA MERKT 12321 / INNKAUP: Höfundur er Jóhann Einarsson.

TILLAGA MERKT 76342 / TORFHLEÐSLUR: Höfundur er Jes Einar Þorsteinsson, arkitekt FAÍ.

ATH.: EKKI ER HEIMILT AÐ NOTA TILLÖGUR ÞESSAR, Í HEILD EÐA AÐ HLUTA, NEMA Í SAMRÁÐI VIÐ HÖFUNDA. ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR ERU VEITTAR Á SKRIFSTOFU FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS, LAUGAVEGI 3, R. (S. 27488), Á SKRIFSTOFU ARKITEKTAFÉLAGS ÍSLANDS, FREYJUGÖTU 41, R. (S. 11465) OG HJÁ HÖFUNDUM.

# TILLAGA 17841

1. VERÐLAUN

Höfundar:

Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson, arkitektar FAÍ, Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt, MNLA, og Einar E. Sæmundsen, landslagsarkitekt, fíla. Verkfræðileg ráðgjöf: Gunnar St Ólafsson, verkfræðingur.

Dómsniðurstaða:

Tillagan gerir grein fyrir öllum þáttum nema sorpíláti. Úrlausnin byggir á hæfilega stórum einingum sem raðað er saman og gefur kerfið mjög marga möguleika. Tillagan sýnir lausnir á öllum stærðum tjaldsvæða með jafn góðum árangri. Heildaryfirbragð er gott og þrátt fyrir einfalt kerfi er mikil tilbreyting í formum. Efnisval og litaval er gott og gefur góða aðlögunarmöguleika. Lausnin er þó heldur vönduð fyrir minnstu tjaldsvæðin. Þakform fellur vel að smáum einingum sem stórum. Rýmisnýting er góð og grunnlausnir einnig, þó ekki séu sýnd sorpílát. Tillaga að skipulagi tjaldsvæðis er yfirveguð og skemmtileg.

Tjaldsvæði og áningarstaðir ferðamanna eru jafn ólíkt í sveit settir og þeir eru margir. Sumir í kauptúninu miðju, aðrir í fjalllendi, aðeins færir göngumönnum.
Í þessari tillögu er reynt að leysa þær byggingar sem til þarf á slíkum svæðum, stórum og litlum, í byggðum og óbyggðum. Annars vegar með litlum meðfærilegum einingum, sem framleiddar eru á trésmíðaverkstæðum og auðvelt er að flytja- og hins vegar með einföldum byggingum, sem reistar eru á hefðbundinn hátt. Í báðum tilvikum er byggt á sömu staðal-stærð- modul- sem er 2.50 m. Báðar aðferðir geta því notast saman, þurfi t.d. að setja upp til bráðabirgða litla einingu á tjaldsvæði, þar sem fyrir er staðbyggt hús, eitt eða fleiri.
Í dæmasafninu hér á eftir er svo sýnt hvernig leystar eru margvíslegar þarfir ferðamanna með þessum gerðum bygginga.

Einingin er mjög lítil og getur staðið sjálfstætt eða sem hluti af stærri heild, sbr. dæmasafn í mkv. 1 : 100. Einingarnar eru fyrst og fremst hugsaðar fyrir staði, sem erfitt eða langt er að nálgast og ör þróun eða breytingar eiga sér stað    Gert er ráð fyrir, að hver rúm-eining eða "laupur" , með tilheyrandi vegg-, gólf- og lofthlutum verði framleiddur á  verkstæði og síðan fluttur á byggingar stað á palli eða vagni og raðað saman á forsteyptar undirstöður.

Sbr. rúmmyndina hér til hliðar er laupurinn byggður úr 4 súlum og 4 bitum milli þeirra að ofan og neðan, fest saman með járnvinklum, sbr. skissur. Utanmál laupsins eru 2.40x2.40x2.40 m. 10 cm bil er haft milli súlna einstakra laupa, þannig að modul stærðin er 2.50 m. Ofan á þaennan laup er sett krosssperra, sem boltuð er við járnfestingar. Á neðri festingarjárnum er soðinn fótur, sem boltast við festingu í forsteyptum sökkuleiningum, sem staðsettar eru undir hverri súlu. Milli bita í gólframma laupsins eru settir gólfbitar 2x5", c/c 60 cm. Gólf er byggt upp af gólfborðum, eða nótuðum, vatnslímdum spónaplötum með þá fúgumassa í samskeytum, málaðar með epoxymálningu eða úretan-lakki. Plöturnar mynda þannig 3 fleka í hverri einingu, sem auðvelt er að fjarlægja þurfi að breyta lögnum undir gólfi vegna viðbótareininga eða breyttrar notkunar.  Veggeiningar falla inn á milli hornstoða og skrúfast í þær, auðvelt er að færa þær á milli eininga. Hægt er að ganga frá veggjum með einfaldri klæðningu utan,- einnig má klæða þá innan með vatnslímdum lituðum krossvið, sbr. sýnishorn,- og

Framh. blað nr. 5.

Rúmmynd af burðarvirki einnar einingar, "laupur".







Samsetning súlu og bita

Samsetning súlu og bita þegar 2. og etv. 3. eining bætist við.
Skipt er um járn, sem koma utanvert á súlu. Einnig er skipt um járn að utanverðu ef breyta þarf stífingu einstakra eininga.

Samsetning súlu og bita í einni einingu.




Sneiðing í grunneiningu
Mkv. 1 : 20




Hreinlætishús fyrir lítið, skjólgott tjaldsvæði eða hluta tjaldsvæðis

Grunnmynd mkv. 1 : 50

Ein lokuð eining, 2 opnar að hluta og skjólveggir






Grunnmynd einingar
Mkv. 1 : 20



Útlitsmynd
Mkv. 1 : 50

Salernishus
mkv. 1 : 100

1 eining



Sa[illegible]nis- og þvottahús
mkv. 1 : 100

1 eining lokuð
1 eining opin að hluta



Sale[illegible]is- og þottahús
mkv. 1 : 100

2 einingar lokaðar
2 einingar opnar að hluta





Dæmi um þróun "addition" hreinlætis- og snyrtiaðstöðu,
eða skipulag á einstökum tjaldsvæðum.



## Salernishús

mkv. 1 : 100

1 eining



## Salernis- og þvottahús

mkv. 1 : 100

1 eining lokuð
1 eining opin að hluta




## Salernis- og þottahús

mkv. 1 : 100

2 einingar lokaðar
2 einingar opnar að hluta



Dæmi um þróun "addition" hreinlætis- og snyrtiaðstöðu,
eða skipulag á einstökum tjaldsvæðum.






vs/snyrting/konur

þurrkhjallur
mkv. 1 : 100

1 eining með upphækkun



Sauna og búningsi…tar
mkv. 1 : 100

3 einingar, ein stök



…na og hreinlætishús
mkv. 1 : 100

7 einingar og skjólveggir








Sneiðing A - A, mkv. 1 : 50

Hugmyndasamkeppni um búnað á t…aldsvæðum

4

17…

þurrkhjallur

mkv. 1 : 100

1 eining með upphækkun






Sauna og búningsklefar

mkv. 1 : 100

3 einingar, ein stök



Sauna og hreinlætishús

mkv. 1 : 100

7 einingar og skjólveggir








# Hreinlætis- og snyrtihús, þvotta- og eldunarskáli.

Mkv. 1 : 100

Hreinlætis- og snyrtihús, þvotta- og eldunarskáli með hugsanlegri síðari viðbót, sem inniheldur aðstöðu til að matast og eldunaraðstöðu utan húss undir þaki.
Þurrkhjallur í tengslum við þvottahús.
Grunnmynd mkv. 1 : 100












Sneiðing A - A, mkv. 1 : 50

Hugmyndasamkeppni um búnað á tjaldsvæðum

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | |
| | | | | |

17841

jafnvel einangra, sé þess þörf með 50 mm einangrun og þá viðeigandi rakavarnar- og vindþéttingarlögum. Undir gólf og í loft má einnig setja 100 mm einangrun.
Lofti er lokað með 19 mm vatnslímdum krossvið með álímdu 1. lagi af þakpappa, milli platna og yfir nótuð samskeyti er settur pappastrimill og þaki þannig lokað.
Hver eining er stífuð með 16 mm stálteinum, sem boltast milli horna við súlufestingar. Stífingarnar má því færa til þurfi breyta eða bæta við. Sé um eina einstaka einingu að ræða er einnig hægt að stífa á annan veginn t.d. með stífum millivegg, t.d. 20 mm vatnsþolnum krossvið.

Samtenging eininga. Á hverjum forsteyptum sökkli eru sæti fyrir 4 hornsúlu-festingar, sbr. skissu. Samtenging að ofan er einnig sýnd á skissu og gerist með járnvinkli. 10 cm bil er á milli hornsúlna, sem hægt er að loka með lokunarborði, sé sama notkun í tveimur einingum eða láta lofta þar á milli sé um tvær ólíkar funktionir að ræða, sbr. einnig teikningar 1 : 50 og 1 : 100,- og þá hindra að lykt og hljóð berist milli eininga.
Samtenging þakeininga er með þeim hætti, að settur er mæniás milli topppunkta í krosssperrum, festur þar með vinklum. Þakklæðningin er höfð sem mest í heilum plötum, 2.50 m á lengd, milli modullína. Listar eru settir ofan á til styrkingar og klæddir með þakpappa, c/c 50 cm. Listar eru einnig settir yfir samskeyti. Þegar nýrri einingu er bætt við aðra færist helmingur píramídaþaksins yfir á einingu nr. 2, en á milli koma 2 plötur 2.50 m á lengd, ein á hvora súð.

Seinni byggingaraðferðin er hugsuð fyrir þá staði nálægt byggð, þar sem auðvelt er að nálgast efni og mannskap og koma verkfærum við. Húsin eru reist á hefðbundinn hátt á steyptum sökklum og plötu eða á forsteyptum sökkul-undirstöðum. Uppbyggingin er sýnd á prinsip-teikningu hér til hliðar. Modul-stærðin er sem fyrr 2.50 m í báðar áttir. Súlur og burðarásar bera sperruþak, en einnig má hugsa sér venjulega grindaruppbyggingu. Millistærðin, 5 m breitt hús, hefur mæniás í miðju, sbr. svefnskála og hreinlætishús á bl. 6,- en breiðasta húsið hefur burðarása á miðsúlum, sbr. húsið á bl. 7.

Stærðir og hlutföll þessara tveggja byggingaraðferða eru svipuð og má því nota þau saman á tjaldsvæðum eins og sýnt er á bl. 8.

Staðbyggð hús.
Byggingarprinsip og rúmmyndir.






Smáhús



T.d. svefnskálar og hreinlætis- og þvottahús, sbr. teikn. nr. 6.



T.d. sýningarhús, setustofa og afgreiðsla tjaldsvæðisvarða, sbr. t- nr. 7. Einnig væri hugsanlegt að t- söluskála (sjoppu) á þennan hátt, sb- tjaldsvæði á teikn. nr. 4.



## Efni, áferð og litir.

Vatnsþolinn krossviður m litaðri húð, til inni klæðningar

Þakpappi með mulningi, Skifergrár eða -svartur

Borðaklæðning með grænni fúavarnarmálningu.

Leitast er við að nota efni, liti og áferð sem fer vel við náttúrulegt umhverfi.

Grunnmynd og útlit mkv. 1 . 100





Skissa 1 og 2 ýna fjölskylduskála,- nætur- og dagnotkun.
Skissa 3 sýnir herbergi í hópsvefnskála.

Skissa 1

Dagur: efri koja sett niður og myndar
bak í neðrikoju : setbekkur
fremri hluta hjónarúms velt upp og yfir
aftari hluta og myndar þannig bekk við
matarborð
rennihurðir dregnar frá



Skissa 2

Nótt : efri koja sett upp,- hlerar settir fram
og mynda lokrekkju
rennihurðir dregnar fyrir
efri hluti bekkjar settur fram undir hjónarúm

Hreinlætis- og snyrtihús,
þvotta- og eldunarskáli.

Mkv. 1 : 100

Hreinlætis- og snyrtihus, þvotta- og eldunarskáli
með hugsanlegri síðari viðbót, sem inniheldur
aðstöðu til að matast og eldunaraðstöðu utan húss
undir þaki.
Þurrkhjallur í tengslum við þvottahús.
Grunnmynd mkv. 1 : 100





Skissa 3

Herbergi í svefnpokaplássi í svefnskála
neðri kojan öðrum megin er styttri,
t.d. fyrir börn
hluti efri koju þeim megin er lagður
niður að degi til og myndar þábak í
setbekk, en að nóttu er efri kojan í
fullri lengd
rými yfir gangi er í 3 herbergjum nýtt sem
5. svefnpokaplássið eða sem geymsla

Svefnskali fyrir svefnpoka.lass og fjölsky.luskali

Grunnmynd og útlit mkv. 1 : 100



tjaldsvæðisvarðar og fræðslusýningar um t.d. jarð-fræði og staðhætti.
Húsið gæti etv. verið 1 módul lengra og þá jafnframt innihaldið verslun fyrir tjaldsvæðisgesti.




Grunnmynd mkv. 1 : 50

möguleiki á stærra húsi m. lítilli verslun í tengslum v. afgreiðslu ef t.d. söluskáli er ekki nálægur.



Séð inn í sýningarsal og setkrók



Langsneiðing mkv. 1 : 50



Dæmi um tilhögun á tjal[illegible]ði
með aðbúnaði sem svarar 3. flokki
í samkeppnisgögnum.

Mkv. 1 : 1000

Stærð svæ[illegible] 4 - 4.5 ha
Fjöldi tjalda 230 - 250
þar af 60 - 100 í hópferðum og
að auki eru svefnpokapláss og gisting
í fjölskylduskálum fyrir um 40.



1. Bílastæði.
2. Bensínstöð og söluskáli.
3. Tjaldsvæðisvörður.
4. Fræðslustofa.
5. Snyrtihús.
6. Eldunar-og þvottaaðstaða.
7. Þurkhjallur.
8. V.S. og þvottaaðstaða.
9. Skáli fyrir svefnpokapláss.
10. Fjölskylduskálar.
11. Naust og bryggja.
12. Tjaldstæði.
13. Hjólhýsi.
14. Hópferðir.
15. Rútubílastæði.
16. Leiksvæði.
17. Samkomusvæði.
18. Boltavöllur.

Tjaldsvæði í flokki 1,
skv. samkeppnislýsingu.

4 kamrar,- þvottaaðstaða og geymsla



# TILLAGA 90000

2. VERÐLAUN

Höfundur:

Reynir Adamsson, arkitekt FAÍ.

Dómsniðurstaða:

Í tillögunni er ekki sýndur kamar, en einingauppbygging tillögunnar gefur þó þann möguleika. Úrlausnin byggir á einföldu húsformi sem gefur góða stækkunarmöguleika. Form húsanna er heppilegt, einkum fyrir smáhýsin, einnig er hugmyndin um verönd aðlaðandi. Stærð stærsta snyrithússins (eins og það er sýnt í tillögunni) er óraunhæf og verður útlit um leið óaðlaðandi og skortir tjaldsvæðastemmningu. Höfundur hefur gott vald á hönnun minni eininga. Grunneining virðist í stærra lagi og samröðun þeirra virðist henta best á stórum tjaldsvæðum.

hálf grunneining




grunnmynd m=1:5o

grunneiningu skipt í tvennt




grunnmynd m=1:5o

grunneiningar enda við enda




grunnmynd m=1:5o

grunneiningar enda við enda.

## Gerð bygginga, efnisval:

Byggingarnar eru settar saman af burðargrind úr gegnfúavörðu timbri sem situr á undirstöðum og ber uppi aðra hluti mannvirkisins. Veggir eru einnig úr timbri, léttir og ekki berandi. Á grind útveggja er klætt að utan með bárujárni, máluðu, sama gildir um þak.

Þar sem mismunandi kröfur verða gerðar um gæði bygginganna geta þær ýmist verið upphitaðar (hitagjafi fer eftir staðháttum) eða óupphituð hús og óeinangruð, gerð þeirra er að öðru leyti sú sama og upphitaðra nema veggir, gólf og þak samanstanda einungis af ytri klæðning á bita eða grind. Í einangruðum byggingum eru útveggir klæddir að innan með vatnsþéttum spónaplötum eða krossvið og málaðir. Milliveggir milli snyrtinga eru 2,0 m háir úr plasthúðuðuðum plötum. Dúkur er á gólfum snyrtinga, á veggjum við sturtur og á öðrum stöðum þar sem bleyta er.

Leitast er við að nota efni sem notuð hafa verið í íslensku umhverfi og þykja því falla að landslaginu. Með sama hugarfari þarf að vanda litaval, nota ber milda liti, jarðliti, pastelliti og geta þeir verið mismunandi eftir tjaldsvæðum.

Einnig eru áðurnefnd efni auðveld í meðferð og hægt að vinna þau með hefðbundnum, einföldum verkfærum og fást í næsta kaupfélagi.

### Stækkunarmöguleikar bygginga:

Auðvelt er að stækka byggingar. Þá er bætt við undirstöðum og burðargrindum eftir þörfum, endaveggur færður og bætt við einingum í veggi, þak og gólf. Sömuleiðis er auðvelt að taka byggingar í sundur.

grunneiningar á móti hvorri anna...




grunnmynd m=1:5o grunneiningar móti hvorri annarri,

Fyrir hvert einstakt tjaldsvæði þarf í byrjun uppbyggingar að gera áætlun í grófum dráttum um framtíðaraukningu gestafjölda og miða möguleika á stækkun bygginga og staðsetningu þeirra við það.




sneiðing m=1:5o sýnir tilhögun þar sem grunneiningar eru á móti hvorri annarri, gangur á milli getur verið yfirbyggður með gr.húsaplasti,





útlit gafla m=1:5o

þjonustumiðstöð á fullkomnu tjaldsvæði






grunnmynd eldunaraðstaða,
getur verið serstæð eða í röð
með öðrum einingum,

mataraðstaða í útbyggingu, skýli,
ur groðurhusaplasti, uppbygging
burðarstoða og bita sja snið að
neðan:




grunnmynd m=1:50

Þar sem aðstaða er góð á tjaldsvæði og fólk dvelur í lengri tíma, svo og á votviðrasömum svæðum, er gerð tillaga um að reist verði lítil svefnhýsi. Þar er hægt að sofa, hafast við inni og undir þaki á lítilli verönd. Öll aðstaða, svo sem snyrting, eldun, þvottur o.fl., nýtir leigjandi í þjónustumiðstöð viðkomandi tjaldsvæðis.



útlit m=1:50




sneiðing um svefnhýsi m=1:50




sneiðing eldunaraðstöðu / mataraðstöðu,

Aðrir æskilegir hlutir á vel búnum tjaldsvæðum:

Frystir fyrir kælikubba og matvöru.
Sími.

Aukist hefur að íslenskir og erlendir ferðamenn ferðist á innréttuðum ferðabílum eða með tjaldvagna. Oft er þá þægilegt að geta tengt vistarverurnar við rafmagn, sérstaðlaðir tenglar.

Uppbygging:

Stefnt er að því að sem auðveldast sé að setja byggingarnar saman, að vinna á byggingarstað sé sem minnst og flutningur á staðinn sé auðveldur.

Undirstöður eru aðeins undir burðarstoðum, steypt er í rör sem grafin eru niður, burðarstoðir boltast á innsteyptar, galvaniseraðar stálfestingar.






grunneining m = 1:20



grunneining



grunneining

**Úti(hús)gögn:**

Nauðsynlegt er að á tjaldsvæðum séu úti t.d. matborð, bekkir og grill. Auðvelt þarf að vera að taka gögn þessi saman og geyma á vetrum. Hugsanlegt er einnig að á sumum tjaldstæðum sé þak eða skýli sem hægt er að leita undir í slæmu veðri og færa þá borð og stóla með sér. Þar sem mikið er til að slíkum hlutum á markaðnum má finna hentuga og laglega hluti sem eru ódýrari en sérsmíði, má t.d. benda á svonefnd „bjórborð" og tilheyrandi bekki.






Skipulag tjaldstæða:

Varast ber að mannvirki og staðsetning þeirra verði ónáttúruleg, heldur falli vel að landslagi. Tjaldstæði á að virka „villt" en ekki of skipulagt.







Niðurfallsstútar þar sem hægt er að tappa af skólpgeymum farartækja, geta verið við vaska sem eru úti.










þvottaskýli


hlutateikningar m = 1:5
samskeyti í útvegg, þegar bygging er stækkuð,
stoð 3x5"
lágrétt snið í útvegg,
þétting
akron-plast
snið sýnir frg. er milligangi er lokað,
akron-plast
mænir
bárujárn
gamalt eliment
nýtt eliment
blikk-hetta,
blikk-renna
bárujárn
pappi
krossv.
loftbil
glerull
fólía
spónapl.
gler
bitar 2 stk 2x8"
hleri
sneiðing í þak sýnir frág. bygging er stækkuð,
einangraður veggur
bárujárn
pappi
22mm krossv.
fólía
glerull
loftbil
galv.blikk
bárujárn
pappi
bitar
óeinangraður veggur
einangraður veggur
bárujárn
pappi
glerull
fólía
spónapl.mál.
óeinangraður veggur
bárujárn
krossv.
sneiðing í gólf v. gafl,
dúkur
1½x5" í palli framan v. hus
stoð 3x5"
einangrað gólf
óeinangrað gólf
gólfbitar 2x5"
blikk
bitar 2stk 2x8"
bulldog ø 95mm boltar 10 mm galv.
sneiðing í gólf er bygging hefur verið stækkuð,
stálfesting steypist föst í undirstöðu,
undirstaða: niðurgrafið rör sem steypist í

# TILLAGA 27722

INNKAUP

Höfundar:

Finnur Björgvinsson og Hilmar Þór Björnsson,
arkitektar FAÍ.

Dómsniðurstaða:

Tillagan sýnir ekki kamar, enda byggir hún á frekar stórum einingum. Aðalhugmynd tillögunnar er athyglisverð og úrlausnin góð. Allri starfsemi er komið fyrir undir einu þaki sem vekur ýmsar hugleiðingar um tjaldsvæði almennt. Lengjan hentar stórum tjaldsvæðum, en vafasamt er að hún falli vel að öllu umhverfi. Einnig er ófyrirséð um áhrif veðurs og vinda. Efnisval er yfirvegað, en uppbygging er tæknilega hæpin. Texti er frumlegur og skemmtilegur.


snyrtiaðstaða
þvottaaðstaða
v.s.
eldunaraðstaða
mataraðstaða
sturta
sturta
sorp
fótaþvottur
uppþvottur
afgreiðsla
umsjónarmaður
stofa
v.s.
mataraðstaða
þurkhjallur
snyrtiaðstaða



27722


Eternit litur grátt 6 cm bára
Lektur 3"x 3"
Sperrur 2"x 6"
BMF Festijárn
Innspentsúla 2"x 8" tvöföld
Bolti til festingar
Kassaprófíll 5x18 cm
Boltar til festingar
Furuborð 1"x 4"
Bitar 2"x 7"
Steyputeinn til festingar á dregara
Dregara
geymsla
v.s.
v.s.
sorp
sneiðing
Þak: eternit grátt
lektur 3"x 3"
sperrur 2"x 6"
útloftun
vindþéttur pappi
einangrun (steinull)
rakasperra
rásaður krossviður
Veggur: 22 mm rásaður krossviður
útloftun
vindþéttur pappi
einangrun (steinull)
rakasperra
rásaðurkrossviður
27722




Hvert er meginmarkmið með þessari tillögu ?

Það er að setja fram hugmynd um búnað sem auðvelt og ódýrt er að koma upp, og hægt er að byggja í áföngum á sem flestum stöðum.

Úr hverju er þetta byggt ?

Þetta er byggt úr efnum sem fást í nánast öllum byggingavöruverslunum á landinu. Þetta er allt gert úr timbri, 1"x6, 2"x6", rásuðum krossvið og.fl. Það eina sem hugsanlega þyrfti að panta, að sunnan, eru járnprófílar fyrir innspenntar súlur og eternit á þak. Úr þessum efnum og með þessum byggingarstrúktúr getur eiginlega hvaða laghentur maður sem er reist svona mannvirki.

Hvaða litir eru notaðir og hvernig upplifir maður búnaðinn í náttúrunni ?

Það er gert ráð fyrir að þökin séu grá, eðlilegur litur eternitsins og tréverk sé meðhöndlað með veikum náttúrulegum lit sem fái svo að veðrast og grána. Öll neglingajárn verði sjáanleg og standi eins og þau koma úr galvaniseringunni.

En eru þetta ekki frekar leiðinlegir litir ?

Það er auðvitað smekksatriði. En spurningin er hvort ekki sé hætta á að einhver ákveðinn litur steli athyglinni frá náttúrunni. Náttúran er t.d. aldrei eins á litinn, sumar, vetur, vor og haust. Svo er ekki til neinn generallitur sem gildir allstaðar á landinu. En ef við hugsum okkur eitthvert ástand. Til dæmis tjaldstæði í birkikjarri á hlýjum rigningardegi í júlímánuði. Þá sér maður gráan himininn, iðagrænt grasið, finnur ilminn af birkinu og sér tjaldstæðisgesti klædda skærum fatnaði sýsla í tjaldmiðstöðinni. Svo sér maður undir þakið í gegnum miðstöðina í grasið og birkið og tjöldin handan við húsið. Svona getur maður haldið áfram og ímyndað sér eitthvert annað ástand t.d. að vetri til.

Er ekki hætta á að fólki finnist þetta primitiv efni og aðstaða.



breytileg fyrirkoma og afstaða í landi



hluti að útliti

27722

-ess að komast í betri snertingu
.ð náttúruna og grundvallaratriði
lífsins á jörðinni og njóta útvistar.
Fólk fer líka til þess að lifa
öðruvísi en heima hjá sér, þ.e.a.s.
meira primitívt. Þetta leiðir af sér
primitívt líf í primitívum húsum.
Svo er kannski rétt að vera ekki að
reyna að veita hótelum og sumarbúðum
samkeppni. Þetta er allt annar
valkostur.

Er ekki erfitt að koma svona miklum
longintes, eins og lengsta útgáfan
er, fyrir í venjulegu íslensku
landslagi ?

Æ, þú hefur misskilið þetta.
Longintesinn á bara að vera þar sem
hann á við. Þessar einingar má byggja
í þeirri lengd sem hentar. Þeim
má skipta í mörg hús o.s.frv. En
það grundvallaratriði að miðstöðvarnar
snúi í höfuðdráttum í norður og suður
má ekki bregða frá. Það er m.a þessvegna
sem húsin eru svona mjó eða aðeins þrír
metrar. Þetta byggist á því sem við
vitum að miðstöðin er mest notuð á
morgnana og svo aftur á kvöldin.og
þá er bjart þarna og yndislegt, sérlega
ef sólar nýtur. Maður burstar tennur
sólarmegin að morgni og svo aftur
sólarmegin að kvöldi.
Annars af því að þú nefnir venjulegt
íslenskt landslag, þá má efast um að
það sé til. sama má segja um veðrið,
það er ekkert venjulegt íslenskt veður
til. Þessvegna þarf að vera hægt að
taka tillit til t.d. veðurfarslegra
aðstæðna á hverjum stað.

Hvað með breytileika og stækkunar-
möguleika ?

Það er gott að þú spurðir um þetta
vegna þess að þessi atriði eru
mjög mikilvæg. Með þessum krossviðsveggjum
sem hér eru notaðir og legtum
er mjög auðvelt að flytja veggi og bæta
við veggjum. Sjáðu til, t.d. minnstu
eininguna, þar hefur verið komið fyrir
vatni og frárennsli. þar er bæði gólf
og þak. Þarna þarf ekki annað en að
kaupa örfáar krossviðsplötur og negla
þær á og aðstaðan varðandi snyrtingar
sturtur og vaska hefur tvöfaldast.
Þetta skeður án þess að húsið sé í
raun stækkað.
Varðandi stækkunarmöguleika þá er
auðvelt að byggja við til dæmis
bara eitt bil.


pallur
snyrtiaðstaða
sturta
sorp
sorp
v.s.
uppþvottur
eldunaraðstaða
pallur




pallur
færanlegur skjólveggur
eldunaraðstaða
snyrtiaðstaða
sturta
sorp
sorp
uppþvottur
v.s.
færanlegur skjólveggur
pallur



27722




rakasper
sneiðing/útlit á gafli
Hurð
Koparlamir
Galvaniserað vinkiljárn á hornur
22 mm vatnslímdur krossviður rásaður
2"x 2" Lektur
Innspennt súla 2"x 8"
Kassaprófíll 5x18 cm
22 mm vatnslímdur krossviður rásaður
Vaskaborð
Vaskur úr ryðfríu stáli
deili að vegg
Súlur 2"x 8"
Bolti til festingar
Kassaprófíll 5x18 cm
Bolti til festinga
Furuborð 1"x 4"
Bitar 2"x 7"
BMF festijárn
Dregarar 2"x 8"
BMF festijárn
Steyputeinn til festingar á dregar
Steypustöpull
Ásoðið flatjárn á kassadregara
deili að innspenntri súlu
27722

# TILLAGA 28882

INNKAUP

Höfundar:

Elísabet V. Ingvarsdóttir, innanhússarkitekt,
og Haraldur Ingvarsson, arkitekt.

Dómsniðurstaða:

Höfundurinn leysir frumþörfina í þjónustu á tjaldsvæðinu með jafnstórum einingum sem hægt er að raða saman umhverfis eitt stálrör, fimm í senn. Hér er ekki unnið með hefðbundið húsaform, en þess í stað er búið til skjólhús með alveg sérstakt útlit. Höfundur sýnir hvernig stækka megi einingarnar með því að sleppa milliveggjum og tengja jafnvel fleiri "kúlu"-hús saman. Þar sem grunneiningarnar eru litlar er notkunarmöguleiki í stærra samhengi frekar takmarkaður. Byggingarefni er stál og trefjaplast. Uppsetning er auðveld, viðhaldskostnaður ætti að vera lítill, en á hinn bóginn er dómnefndin þeirra skoðunar að hús úr plasti passi ekki hvar sem er í annars ósnortið íslenskt umhverfi.



ÚTLIT




SNIÐ

ROTÞRÓ




GRUNNMYND

# SNYRTING OG VATNSSALERNI M 1:20

28882




HLUTATEIKNINGAR M 1:5

28882



ÚTLIT



SNIÐ




GRUNNMYND




SORPÍLÁT BYGGIST ÚR SÖMU EININGUM OG MIÐRÖRIÐ, STYTTUM

# ELDUNARAÐSTAÐA OG SORPÍLÁT M 1:20

28882




# RÖÐUNARMÖGULEIKAR M 1:50



28882



ÚTLIT



SNIÐ




GRUNNMYND

## SKÝRINGAR

EININGAR GERÐAR ÚR TREFJAPLASTPLÖTUM SEM STEYPTAR ERU Í MÓT OG BOLTAÐAR Á BURÐARGRIND. EININGARNAR RAÐAST UM FIMMHYRNING ÚR 10 MM VEÐRUNARSTÁLI. LITAMÖGULEIKAR ERU NOKKRIR EN HÖFUNDUR HEFUR HUGSAÐ SÉR HVÍTAN BOTN OG BLÁA VEGGI. EFSTI HLUTI EININGARINNAR VERÐI ÚR HÁLF-GEGNSÆJU TREFJAPLASTI OG HLEYPIR ÞVÍ DAGSBIRTU INN.
EININGIN ER LOFTRÆST MEÐ LOFTGÖTUM NEÐARLEGA Á HURÐ-ARHLIÐ OG GRILLI OFARLEGA Á GAGNSTÆÐUM VEGG. SEM ER FIMMHYRNINGURINN UNDIR NIÐURFÖLL, VATNSLAGNIR OG RAF-LAGNIR.
EININGIN GETUR STAÐIÐ EIN SÉR, EÐA FLEIRI SAMAN.
UPPRÖÐUNARMÖGULEIKAR ERU FJÖLMARGIR ÞAR SEM TENGJA MÁ STÆRRI EININGARNAR SAMAN Á MARGVÍSLEGAN HÁTT.




# ÞVOTTA-ÞURRKAÐSTAÐA OG AFGREIÐSLA

M 1:20

28882

# TILLAGA 33500

INNKAUP

H ö f u n d u r :

Guðmundur Jónsson, arkitekt, mnla - FAÍ.

D ó m s n i ð u r s t a ð a :

Tillagan gerir grein fyrir öllum þeim þáttum sem um var beðið. Aðal-hugmynd tillögunnar er strengur sem einstökum einingum er raðað á. Strengurinn er það viðamikill að hann telst ekki raunhæf lausn fyrir minni tjaldsvæði. Efnisval og tækni krefst fjöldaframleiðslu, en samt verður lausnin að teljast kostnaðarsöm. Lausnin er vel útfærð og rýmin sem myndast milli eininga skemmtileg og mynda góða heild. Hlutalausnir eru margar góðar, sérlega þó þvottaaðstaða. Útlit eininga og umhverfi það sem þær mynda minnir frekar á götugögn en tjaldsvæðabúnað.







Útlit 1:50

3350(




lýsing
A·A
upplýsingartafla
eldun
bekkur
afgreiðsla
gróður
flái

33500


vaskur
uppþvottur
bekkur
B·B sneiðing 1:5o
eldun
bekkur
hlóðir
C·C sneiðing 1:5o
snyrting
tjaldstaði
B
C
þvottur
rusl
bekkur
snyrting
afgreiðsla
uppþvottur
eldun
lýsing
bekkur
hlóðir
A
1:5o
aðkoma
upplýsingartafla
gróður
tjaldstaði
eldun
snyrting

1. Mynda einingakerfi er ᵌ ᵓaó getur samræmda heild milli eins kra eininga
2. Sem afleiðing þessa, að þróa einfaldan "streng", sem getur innihaldið margþættar fúnksjónir í smáum og stórum mælikvarða.

Varðandi pkt.1. Í útboðslýsingu er sagt að tilgangur keppninnar er að fá fram :illögur að ýmis konar búnaði sem nota má á tjaldsvæði. Það sem eihkennt hefur :jaldsvæði okkar er einmitt ýmis konar búnaður sem slengt er niður á víð og dreif :n nokkurs augsýnilegs samhengis sín á milli. Í úrlausn þessari er leitast við að samræma einingarnar í eigið kerfi. Þetta er gert til að gefa tjaldsvæðinu fast mótaða ímynd, að skapa samhangandi svæði, "torg" eða "götu" sem strax gefur til kynna hvar sameiginleg starfsemi fer fram. Þetta er staðurinn sem fólk hittist þegar farið er í söluskálann, leikvöllinn, þar er þvegið, og þar eru hlóðirnar þar sem fólk safnast saman og grillar osfrv.




Varðandi pkt.2. Þessum einingum er hægt að safna saman með "strengnum". Strengurinn er byggður upp með "veggnum" og límtrébjálkanum. Á vegginn eru festar staðlaðar einingar svo sem ruslakörfur( smáar og stórar), vask-einingar til þvotta og uppþvotta, eldunaraðstaða, og bekkir.
Í bjálkann eru skýlin eða "þökin"fest, ennfremur lýsing, rólur og leiktæki osfrv. Milli veggjar og bjálka spanna upplýsinga-og uppsláttartöflur, klifurgrindur fyrir róðurosfrv. Bjálkinn ber einnig þak yfir kamri í þeim tilfellum sem kamarinn er samtengdur við "kerfið".

Efnisval:

Höfundur er þeirrar skoðunar að efnahagur sé ekki ein orsök þess að ferðamenn velja tjaldsvæði sem áningastaði, heldur einnig lífsstíll og ósk eftir að lifa í nánu samhengi við náttúruna. Tjaldsvæði liggja oftast á náttúrusvæðum eða á landsvæðum í bæjum í tengslum við stærri náttúrusvæði. Þessi þáttur hefur verið afgerandi við efnisval í útbúnaðarkerfi. Því eru valin efni náttúrunnar, sjálft tréð og steinninn, fram yfir efni svo sem ál, stál og plast. Við tilkomu íslenzkrar límtréverksmiðju og tréeiningahúsasmiðju ætti þetta að vera tilvalin verkefni að spreyta sig á.

Minnsti mód veggsins er 1 mátsteinn af íslenz í framleiðslu. Erlendis hafa verið reynd mátsteinskerfi sem þannig eru úr garði gerð, að ekki þarf að múra í eiginlegum skilningi. Steinarnir hafa raufar og er hægt að stafla(raða), og mætti reyna þetta hér.
Hlaðinn veggur er tilvalinn á stöðum þar sem gert er ráð fyrir fastri staðsetningu ár frá ári. (Höfundur hefur reyndar enga trú á að búnaður verði fluttur úr stað á milli ára). Ætla má að lausar yfirbyggingar og þök verði ef til vill tekin niður yfir vetrartímann í einhverjum tilfellum. Hlaðinn veggur gefur tækifæri til að beita landslagsmeðhöndlun á sjálft tjaldsvæðiskerfið,td. á fornan íslenzkan hátt með fláum. Með þessu er hægt að öðlast mikla samrýnd við náttúruna.

Kerfi þetta er einnig hægt að byggja upp sem stakar einingar úr stöðluðum krossviðarflekum (pressuðum og rakavörðum).




Í öllum tilfellum er gert ráð fyrir miklum valkostum í vali á einingum. Einingar sem standa sjálfstætt ("í röð"), og samtengdum ("í röð") með krossviðarflekum eða mátsteinum. Einnig er um að ræða "sentraliseraðar" einingar eða "púnkt" einingar,svo sem sýnt í flokki 11. Gert er ráð fyrir handhægum stærðum á einingahlutum til að auðvelda flutning. Leitast hefur verið við að takmarka fjölda eininga, en ósk um valkosti hefur hlotið hærri sess. Við nánari úrvinnslu mætti etv. samhæfa og takmarka fjölda eininga að meira marki. Gert er ráð fyrir auðveldum samsetningaraðferðum svo sem Umbraco skrúfum (boltum) í líkingu við "IKEA" aðferðina sem öllum er fær. Allt trévirki er rakavarið og framstendur í ljósum viðarlit. Mátsteinn er ljósgrár. Tengiliðir úr stáli og áli eru brennlakkaðir og eru í djúprauðum lit. sama gildir um einingar svo sem ruslafötur lýsingu ofl.

## einingahlutar




## samsetning einingahluta og eininga




33500




grunnmynd 1:2o
velkostir: eldun
uppþvottur
rusl
þvottur




A·A sneiðing 1:2o




afgreiðsla/söluskáli 1:5o
sem stærri eining(setustofa,skáli)



B·B sneiðing 1:5o




C·C

3350(



svefnbekkur
wc
afgreiðsla
afgreiðsla 1:5o
með eða án fláa,
sem stök eining eða samtengd
valkostir: smáhýsi
afgreiðsla
snyrting
þvottur/þurrkun
B
A
C
C
snyrting 1:5o
með eða án fláa
sem stök eining eða samtengd
eining A
sturta
bekkur
eining B
skápur
D
D
snyrting m/sturtu 1:5o
stök eining eða samtengd m/límtrésbjálka
valkostir: afgreiðsla
þvottur/þurrkun
uppþvottur
A·
útlit 1:5o
gler
C·C
sneiðing í snyrtingu 1:5o
þakeining X
þakeining Z
þakeining Y
þakstóll Z
þakstóll M
gler
D·D
sneiðing í snyrtingu 1:5o
(krossviðareiningar A og B)
þakeining X
þakeining X
þakeining Y
þakeining Z
gler
þakstóll Z
límtrésbjálki
þakstóll X
afgreiðsla
svefnbekkur
flái

sem afgreiðsla, smáhýsi, snyrting, þvottur/þurrkun,




smáhýsi grunnmynd 1:2o

valkostir: smáhýsi
afgreiðsla
snyrting
þvottur/þurrkun




grunnmynd afgreiðsla 1:5o



B-B útlit 1:5o



C-C útlit 1:5o




snyrting 1:5o



D-D sneiðing snyrting 1:5o



E-E útlit 1:5o




afstöðumynd smáhýsi



33506



etv.gler
þakeining X
þakeining Y
þakstóll X
valkostir: eldun
uppþvottur
rusl
þvottur
sneiðing 1:2o
lýsing
etv. flísar
límtréssúla
innspent í jörðu
útlit 1:2o
mátsteinsveggur
uppsláttartafla
lýsing
bekkur með eða án þakstóla
klifurgróður
gróðurkassi
sneiðing kamar 1:2o
samtengdur m/límtrébjálka
útlit kamar (2) 1:2o
stakur eða samtengdur m/límtrébjálka
útlit stakur kamar(2) 1:5o
krossviðareining D
sneiðing stakur kamar 1:5o
útlit kamar (2) 1:5o (samtengdur)
krossviðareiningar A
brennlakkaður stálprófíll
grunnmynd kamar 1:2o
33500







BORÐ - BEKKIR, sambyggt
MKV. 1 : 50




SKURÐUR Í BORÐ - BEKK
MKV. 1 : 5




KLIFURGRIND,
LEIKTÆKI, LEIKHÚS
MKV. 1 : 50

SORPHÓLF
MKV. 1 : 50






# TILLAGA 12003

INNKAUP

H ö f u n d a r :

Árni Friðriksson og Páll Gunnlaugsson, arkitektar FAÍ

D ó m s n i ð u r s t a ð a :

Tillagan gerir vel grein fyrir öllum umbeðnum einingum. Styrkur úrlausnarinnar eru hinar mörgu lausnir á smáeiningum. Efnisnotkun er ágæt og hugmyndin um gras á þakinu aðlaðandi. Form húsanna og innbyrðis samband þeirra er sígilt, en útlitið ekki sérlega frumlegt né yfirvegað. Útlit gafla er ósamræmt og ruglingslegt. Þak yfir þvottaaðstöðu og eldun þjónar ekki tilgangi sínum til fulls.




LÍTID TJALDSTÆDI
SKÝRINGARMYND MKV. 1:50

MARGT SMÁTT ..........

Hugmyndin byggist á smáhýsum, sem hvert og eitt hefur sitt hlutverk.

Eitt hús, eða fleiri saman, uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til mismunandi tjaldstæða.

Form húsanna er sígilt, útlitið látlaust og þau eru byggð á hefðbundnum tæknilegum lausnum.

Húsin eru grunduð á steyptum súlum, sem gerir það auðvelt að laga sig að landi, án þess að um mikið jarðrask sé að ræða. Einnig er þá auðvelt að bæta við húsum ef þörf krefur.

Húsin eru smíðuð úr tilsniðnu efni á staðnum. Það auðveldar alla flutninga og burð fjarri mannabyggðum.

Húsin eru byggð á módúlkerfi (120 sm), þannig að auðveldlega má smíða þau úr einingum þar sem það hentar betur.
Sýnd eru nokkur dæmi um grunnmyndir af breiddinni 120 x 3.

Grundun smáhluta er þannig að auðvelt er að fjarlægja þá yfir vetrartímann, eða flytja úr sta

Húsin og smáhlutirnir eru gerðir úr gagnvörðu timbri, sem málað er í sterkum litum, jafnvel mismunandi á milli tjaldstæða. Vindskeiðar, gluggar o.þ.h. er þó alltaf hvítt.
Húsin eru með torfi á þaki, en reisifjöl á veggjum. Yfir smáhlutum er rennisúð.

Timbur er valið vegna þess, að viðgerðir og viðhald er einfalt.

Húsum og smáhlutum er þannig fyrir komið, að þau séu rýmis- og skjólmyndandi.




STÆRRA TJALDSTÆÐI
SKÝRINGARMYND MKV. 1:50




UPPBYGGING HÚSA
SKÝRINGARMYND mkv. 1:20

12003



210
SNEIDING
120
120
120
GRUNNHÚS
(geymsla)
120 120 120
karlar
konur
SALERNI
120 120 120
sturta
bekkur
SALERNI/BAD
120 120 120
svefn
geymsla
sturta
ÍBÚÐ
LANDVARÐAR
120 120 120
SALERNI/BAD
120 120 120
afdrep
móttaka
GÆSLUMAÐUR/
MÓTTAKA
120 120 120
12003


HLIDARMYND
120
120
120
SÖLUBÚD
SETUSTOFA
þurrkhjallur
ÞVOTTUR/
ÞURRKUN
SÖLUBÚD/
GÆSLA
SVEFNSKÁLI
(6 manna)
12003




ÞVERSNIÐ Í ELDUNAR- OG ÞVOTTAAÐSTÖÐU UTANHÚSS
MKV. 1 : 5




ELDUNAR- OG ÞVOTTAAÐSTAÐA UTANHÚSS
MKV. 1 : 50




ÚTISKÝLI, SKJÓLVEGGIR OG SKILTUN
MKV. 1 : 50




K A M A R
s k ý r i n g a r m y n d
m k v .   1 : 2 0




G R U N D U N
K A M A R S

s k ý r i n g a r m y n d




KAMAR einfaldur
mkv. 1 : 50




KAMAR tvöfaldur
mkv. 1 : 50



# TILLAGA 12321

INNKAUP

Höfundur:

Jóhann Einarsson.

Dómsniðurstaða:

Tillagan leysir umbeðna þætti, en lausnin byggir á þannig einingum að dómnefnd telur hana ekki leysa vandamál minni tjaldsvæða. Form eininga og þakhalli veldur því að rýmisnýting er léleg. Efnisval er frekar kalt og einhæft. Tækni og samsetningar búa yfir mörgum óleystum vandamálum. Höfundi tekst að mynda góða heild þegar margar einingar eru settar saman, en erfitt er að ímynda sér þær einar sér. Framsetningin er góð og sérlega falleg, en útlit minnir fremur á skálabyggingar en tjaldsvæði.

# KAMARSNYRTIUPPÞVOTTAELDUNARSC

HÉR ER REYNT AÐ KOMA SAMAN EININGU SEM
FYLLIR ALLAR ÓSKIR SAMKEPNINNAR, ÞAÐ
MUNAR EKKI NEMA KAMRI.
HUGMYNDIN ER AÐ SETJA SAMAN GÓLF, ÞRJÁ
VEGGI, ÞAK OG RAMMA HVERN HLUTA Í EINU LAGI.
VEGGIR OG ÞAK ERU ÚR STÁL SAMLOKU MEÐ
POLYUREÞAN EINANGRUN SEM MILLILEGG.
VEGNA BURÐARÞOLS SALOKUNNAR OG STÆRÐAR
HÚSSINS ÞARF EKKI ANNAÐ TIL STYRKTAR.
GOLFIÐ ER ÚR SAMA EFNI OG VEGGIR OG ÞAK,
TREFJAPLAST ER LÍMT Á YFIRBORÐIÐ.
RAMMINN ER ÚR PLASTI OG ER HURÐ, GLER
OG SJALD / SPJÖLD ÞAR ÍSETT, ÞAÐ FER
EFTIR NOTKUN OG ÓSKUM BYGGJANDANNS HVAÐ
MIKIÐ GLER EÐA HVAÐ MÖRG SPJÖLD FARA Í
RAMMANN.





RPAFGREIÐSLUÞVOTTAÞURRKAÐSTAKA




D
C
B
ÞURRKHJALLUR
LAGER
V.S
STARFSFÓLK
ÞVOTTUR
ELDUNARAÐSTAÐA
SNYRTING
KAMAR
AFGREIÐSLA
BÚÐ
VÖRÐUR
SVEFNSKÁLI
1232

MARSNYRTIUPPÞVOTTAELIDUNARSORF



# AFGREIÐSLUÞVOTTAÞURRKAÐSTAÐA

RAMMARNIR ERU SEX OG ÞAR AF ÞRÍR SPEGILMYNDIR, EINN ER EINS OG Á UNDAN ER LÝST, ANNAR ÞAR SEM HURÐAR ER EKKI ÞÖRF OG ÞRIÐJA ER FYRIR ÞURRKHJALL.
HURÐIRNAR HAFA ETT KÝRAUGA HVER MEÐ GLERI OG ERU LAKKAÐAR SÖMULEIÐIS SPJÖLDIN, HURÐ AÐ HJALLI ER ÚR SAMA PLASTI OG RAMMAR.
KAMARINN ER ÚR SÖMU EFNUM OG HÚSIÐ. I Í HONUM ER GERT RÁÐ FYRIR HANDLAUG OG VATNSSALERNI EF RENNANDI VATN ER Á STADNUM, EF EKKI ÞÁ ÞURRSALERNI.
ALLT STÁL ER HVÍTT OG PLAST GRÁTT.
UNDIRSTÖÐUR ERU JARN BITAR SEM STEYPAST Í RÖR.
SORPÍLÁT ER ÚR PLASTI OG GERT ER RÁÐ FYRIR PLASTPOKA ÞAR OFAN Í.
VIÐ LOSUN ÍLATSINS SKAL LYFTA HÁLFKÚLUNI AF.
MÖGULEIKAR VIÐ SAMSETNINGU EININGANA ERU ÆÐI MARGIR OG NÝTING SÖMULEIÐIS..







1 SNIÐ
RAMMI 1
RAMMI 2
RAMMI 3
SNIÐ
2
3
45°
130
GRUNNMYND 1:20
STURTA
SKOLV
70
90
265
158
90
90
350
156
1
2
3
1:5
122
110
40
12321



RAMMI 4



GRUNNMYND 1:5




12321

# TILLAGA 76342

TORFHLEÐSLUR

Höfundur:

Jes Einar Þorsteinsson, arkitekt FAÍ.

Dómsniðurstaða:

Höfundur gerir ráð fyrir tjaldsvæðisbúnaði í mismunandi stórum byggingum. Minnsta einingin samanstendur af 2 salernum og stærra þvotta- og þurrkherbergi, ca. 6m x 3m að stærð. Byggingarefni er timbur, forsteyptar einingar, tjaldefni að hluta og síðast en ekki síst grjót, torf og gras. Dómnefndin er ekki sammála höfundi að auðvelt sé að flytja þetta efni hvert á land sem er. Hins vegar nær höfundur með efnisnotkun og hugmyndaríkum torfbyggingum sínum ævintýralegri stemmningu og byggingarnar falla afar vel inn í landslagið. En því miður uppfyllir tillagan ekki tilgang samkeppninnar.

# BÚNAÐUR Á TJALDSVÆÐUM 1984

BÚNAÐUR Á TJALDSVÆÐUM

Hugmynd sú sem hér er sett fram á rætur sínar að rekja til fornrar íslenskrar hefðar í byggingu torfbæjarins. Torfbærinn fellur vel að íslensku landslagi. Nú er mikill áhugi fyrir að endurlífga þessa fornu hefð og enn eru til menn, sem kunna listilega vel að hlaða úr torfi. Á þessum blöðum eru settar fram þrjár tillögur sem frumhugmyndir er síðar mætti byggja á. Torfveggurinn er ramminn í þeim öllum hann tengir byggingarnar saman og myndar skjól. Tillagan á bl. 2 sýnir mjög einfaldan búnað á bl. 3 er búnaðurinn orðinn margbrotnari og á bl. 5 og 6 er hugmyndin tengd hverasvæði, með hverhúsi eins og er á Laugarvatni og baðlaugum. Mjög mikið atriði er að byggingum þessum sé valinn staður í skjólsamlegu landi, við læk, tjörn, lind eða við hóla eða kletta. Byggingar þessar verða þá hluti af ævintýraheimi, sem heillar ferðamenn.

Efni í byggingarnar er torf og tré og nokkrar forsteyptar einingar. Stærðir eru miðaðar við að auðvelt sé að flytja allt efni. Byggingareiningarnar eru einfaldar í uppbyggingu og auðvelt að gera margbreytilegar samsetningar bygginga. Kostnað við þessar byggingar mætti áætla hóflegan.

SKÝRINGAR

Bl. 7 mælikv. 1:20

BORÐ samlímd plata, sem situr á steinfæti.

KOLLAR renndar tréhnyðjur.

SORPGEYMSLA felld inn í torfvegg. Þak borið uppi af forsteyptum einingum. Tréverk úr úr furu.

Bl. 8 mælikv. 1:20

Allur viður er gagnvarin fura. Allar krossviðar og spónaplötur eru vatnsvarðar. Stoðir eru 2x5x16cm, gólfbiti er 5x16cm, loftbiti er 5x24cm. Þverslár í gólfi og veggjum eru 3x14cm. Í þili er furugrind sem klædd er með 10mm krossviðarplötum, sama varðandi útvegg á bakhlið. Á vegg á framhlið er krossviður að innan en nótuð furuklæðning að utan. Krossviðarplata 20mm kemur á þverslár í þaki þar ofan á er vatnsvarnardúkur, þar ofan á kemur möl, mold og torf. Á þakbrún er límtrébiti. Úti á palli eru stoðir, bitar og þverslár þær sömu og inni. Pellgólf er klætt með furuborðum. Burðargrind hvílir á steyptum grunnklossum. Torfveggur umlykur húsið á hliðum og á bakhlið. Handlaug er gerð úr forsteyptum einingum, sem standa á steyptum stöplum, 2 stk. undir hverri einingu, stálspegill og sápa er yfir handlaug. Lagnir upp í timburgrind.



176342

M 1:10



FRAMHLIÐ



GAFL




GRUNNMYND



SK AA



ÜTLIT

7634



HVERHÚS

GRUNNMYND

7 6 3 4

M 1:50



ÚTLIT

76342




GRUNNMYND

76342




SK AA




BORD




KOLLUR



ÚTLIT




SK AA




GRUNNMYND

SORPGEYMSLA




GRUNNMYND




SKURÐUR AA



SKURÐUR BB



BAKHLIÐ

7634